

Nr. 7/1881.

Bjarni Þórðarson
gegnPáli Ingimundarsyni
og Jóni Pálssyni

D ó m u r :

Í máli því, sem hér er áfrýjað til yfirdómsins, hefir málflytningismaður áfrýjanda til bráðabirgða að eins flutt sókn í því að því hina formlegu hlið þess snertir, og hefir hann krafist principaliter, að héraðsdómurinn í málinu verði dæmdur ómerkur og málinu annaðhvort frá vísað, eða það felt, subsidialiter, að héraðsdómurinn verði dæmdur ómerkur og málinu vísað heim í það ástand, sem það var, áður en úrskurðir þeir, sem ásamt héraðsdómnum er áfrýjað, eða nokkrir af þeim, voru kveðnir upp, og hvernig sem fer, að hinir stefndu verði dæmdir til að greiða áfrýjanda allan málskostnað bæði í héraði og fyrir yfirdómi. Loks hefir hann krafist, að fá frest til að sækja málið að aðalefninu til, ef að fyr nefndar kröfur hans ekki verða teknar til greina.

Hinir stefndu hafa á hinn bóginn krafizt, að hvorki aðal- né varakrafa né heldur málskostnaðarkrafa áfrýjanda verði teknar til greina, en að honum verði veittur hæfilegur frestur til að sækja málið að aðalefninu til.

Svo hafa þeir og, ef yfirdómurinn ekki getur aðhylst kröfur þeirra, heldur vísar málinu frá réttinum, krafist að fá sér dæmt: »kost og tæring« hjá áfrýjanda eftir mati réttarins.

Úrskurðir þeir, sem áfrýjað hefir verið ásamt aðalmálinu eru:

1. Úrskurður, kveðinn upp 26. okt. 1878, með hverjum er ákveðið, að leiða skuli Ólaf Hallvarðsson vinnumann hins stefnda Páls Ingimundarsonar, sem

vitni til upplýsingar um forföll hinna stefndu frá að mæta eða mæta láta á ákveðinni stundu í héraðsréttinum 25. s. m.

2. Úrskurður, kveðinn upp 28. okt. 1878, með hverjum neitað er að taka til greina kröfu áfrýjanda um frávísun málsins o. fl.
3. Úrskurður, kveðinn upp 23. júlí 1879, um að málinu skuli fram fylgt til dóms í aðalefni þess.
4. Úrskurður, kveðinn upp 3. okt. 1879, er neitar að taka til greina kröfu áfrýjanda um að 2 eða fleiri skoðunarmenn verði útnefndir til að rannsaka afstöðu-uppdrátt þann, er lagður hafi verið fram í málinu af honum sjálfum.
5. Úrskurður, kveðinn upp 10. júlí 1880, með hverjum neitað er að eiðfesta nokkur vitni.

Auk þess að áfrýjandinn telur þessa úrskurði ekki á rökum bygða, og því vill láta hrinda þeim, hefir hann kröfum sínum til styrkingar tekið fram:

- a. að málið hafi 30. október 1878 verið flutt án nægilegrar heimildar frá lögreglurétti í aukarétt Barðastrandarsýslu
- b. að vanræk hafi verið að taka málið fyrir 12. marz 1879;
- c. að málið hafi verið tekið fyrir án nægilegrar heimildar 22. júlí 1879;
- d. að vanrækt hafi verið að taka málið fyrir 1. okt. 1879;
- e. að málið hafi án nægilegrar heimildar verið tekið fyrir 3. október 1879;
- f. að dómariinn 3. okt. 1879 hafi neitað að taka til greina mótmæli áfrýjanda gegn Pétri hreppstjóra Gestssyni á Hríshóli sem réttarvitni í málinu.

Loks er:

6. Áfrýjað úrskurði, kveðnum upp í aukarétti Ísafjarðar-sýslu 21. febr. 1879, þar sem frestað er að taka eið af nokkrum vitnum áfrýjandans af þeirri ástæðu, að vitni hafi borið óðruvísi, og ef til vill mundi bera annað en vitni áfrýjanda.

Að því snertir hina töldu úrskurði og mótbáru áfrýjandans, skal yfirdómurinn taka fram það, er nú segir:

Við 1. Af því Ólafur Hallvarðsson var vinnumaður annars hins stefnda hélt áfrýjandi því fram, að hann ekki yrði leiddur sem vitni, með því að hann yrði að álitast sem vilhalt vitni. En yfirdómurinn verður að vera héraðsdómaranum samdóma um, að rétt hafi verið, án tillits til hverja þýðingu framburður hans skyldi hafa, að leiða hann sem vitni.

Við 2. Það virðist nægilega upplýst, að hinir stefndu voru löglega hindraðir frá að mæta í tæka tíð hinn 25. okt. 1878 vegna illviðurs, og virðist úrskurður héraðsdómarans því að vera á rökum byggður og í samkvæmni með ákvæðum 15. gr. tilsk. 15. ágúst 1832.

Við 3. Ástæður áfrýjanda fyrir frávisunarkröfu þeirri, er dómurinn hafnaði með úrskurði, kveðnum upp 23. júlí 1879, eru:

a. Að það sé eigi sannað, að land það, er hinir stefndu yrktu 9. septbr. 1876, og sem hið umrædda tekna hey var af, heyri til Miðhúsalandi, eða sé eign hinna stefndu.

b. Að áfrýjandi hafi framkvæmt heytökuna fyrir hönd Páls bónda Guðmundssonar á Grund, en eigi í sínu nafni, og að hann hafi hagað sér í því tilliti samkvæmt landamerkjadómi Orms lögmanns Sturlusonar frá 1572.

- c. Að hinir stefndu hafi eigi lagt spurninguna um hverjum tilheyrði land það, er yrkt var af þeim 9. sept. 1876, fyrir sáttanefnd, og aðalatriði málsins hafi því ekki verið lagt til sætta.
- d. Að hinir stefndu hafi ekki fyrsta réttardag í málinu lagt fram sérstakt sóknarskjal.

Yfirdómurinn verður í öllu verulegu að fallast á röksemdaleiðslu héraðsdómarans fyrir úrskurði þessum, og tekur einungis fram, að ástæður þær, sem greindar eru undir a og b, eru ekki, þótt gildar væru, frávísunarástæður, og að því ástæðuna undir c áhrærir, þá er málið ekki höfðað sem landaþrætu-mál, heldur sem skaðabótamál og til sekta.

Við 4. Með því mál þetta, eins og áður áminst, ekki er höfðað sem landaþrætumál, og afstöðuuppdráttur því ekki var nauðsynlegur því til skýringar, gat áfrýjanda ekki borið neinn réttur til að heimta eða fá útnefnda skoðunarmenn eða áreiðarmenn til að sanna áreiðanleik uppdráttarins, er hann sjálfur hafði lagt fram, og felst yfirdómarinn á úrskurð héraðsdómarans um þetta atriði.

Við 5. Áfrýjandi hafði krafizt, að nokkrir menn, er gefið höfðu skrifleg vottorð, einkum snertandi landamerki milli Reykhóla og Miðhúsa, yrðu yfirheyrðir eða teknir í eið; en héraðsdómarinn synjaði þess með úrskurði 10. júlí 1880.

Héraðsdómarinn hefir tekið það fram, að engin vitna-stefna hafi verið gefin út til þessara manna, og það sést ekki af dómsgjörðunum, að mótpörtunum hafi verið stefnt til að hlyða á framburð þeirra og eiðfestingu; héraðsdómaranum bar því ekki, gegn mótmælum hinna stefndu að taka kröfu áfrýjanda í þessu tilliti til greina.

Að því snertir hinar aðrar ástæður, sem fram eru komnar af hendi áfrýjanda, kröfum hans til stuðnings, þá athugast:

Við a. Málinu hefir upprunalega verið stefnt fyrir aukarétt; að vísu sést af dómsgjörðunum, að málið fyrstu réttardagana hefir verið flutt fyrir lögreglurétti, en það er hvorttveggja, að málspartarnir ekki mótmæltu þessu, enda hefir að öllu leyti verið farið með málið þá daga, eins og það hefði verið flutt fyrir aukarétti, og virðist þetta því ekki geta haft þær afleiðingar, að málið fyrir þá sök verði ónýtt

Við b-e Fyrirtekt málsins á þann hátt, sem hér er að fundið, virðist undir rekstri málsins nægilega réttlætt eftir atvikum.

Við f. Af ástæðu þeirri, sem héraðsdómarinn hefir til greint í tölulið 1 í úrskurði sínum, og með þeirri athugasemd, að ekkert eftir 5 fyrstu réttarhöldin í málinu, er Pétur Gestsson var réttarvitni við, er framkomið, er gæti verið því til fyrirstöðu, að hann framvegis væri réttarvitni í málinu, felst yfirdómurinn á gjörðir héraðsdómarans í þessu tilliti.

Að því aftur á móti snertir úrskurð héraðsdómarans í Ísafjarðarsýslu, sem kveðinn var upp 21. febr. 1879, og getið er um í 6. tölulið hér á undan, og með hverjum eiðfesting nokkurra vitna var frestað gegn beiðni vitnastefnanda (áfrýjanda), þá verður yfirdómurinn að álíta, að úrskurður þessi ekki sé á nægum rökum byggður, með því það hér skiftir engu, þótt önnur vitni hafi borið eða kunni síðar að bera öðruvísi en þau vitni, sem krafizt er að verði eiðfest.

Yfirdóminum virðist því ekki verða komist hjá að

fella téðan úrskurð úr gildi, og skylda vitnadómarann til að taka til greina kröfu vitnastefnanda (áfrýjanda), um eiðfesting þeirra vitna, er hann leiddi í Ísafjarðarsýslu, að svo miklu leyti, sem þau ekki hafa verið eiðfest seinna undir málinu, og ber því samkvæmt þessu að vísa málinu heim aftur í hérað til nýrrar dómsáleggingar eftir að eiðfestingin hefir fræm farið.

Því dæmist rétt vera:

Úrskurður sá, sem kveðinn var upp fyrir aukarétti Ísafjarðarsýslu 21. febr. 1879 í máli þessu, fellist úr gildi, og ber vitnadómaranum að taka til greina kröfu vitnastefnanda (áfrýjanda) um að eiðfesta vitni hans að svo miklu leyti, sem það ekki hefir verið gjört síðar undir málinu.

Aðalmálinu vísast heim aftur í hérað til nýrrar dómsáleggingar eftir að eiðfestingin hefir fram farið.

Mánudaginn 26. septbrmán.

Nr. 9/1881.

Jón prestur Bjarnason

gegn

uppgjafapresti Friðrik Eggerz

D ó m u r:

Með stefnu, dagsettri 30. marzmán. þ. á., hefir presturinn í Skarðspingum, Jón Bjarnason, að fenginni gjafsókn, áfrýjað eftirfylgjandi réttargjörðum úr Dalasýslu:

Fjárnámsgjörð 6. okt. f. á., bygðri á gestaréttarsætt er fram fór að Nýp 27. jan. 1880, og þar á eftir feldum uppboðsúrskurðum og uppboði á hinum útlögðu munum 23. okt. f. á. — til þess að fá fógetagjörðinni, uppboðsúrskurðunum og uppboðinu hrundið, og ná dómi fyrir skaðabótum og málskostnaði af hendi hins stefnda.